

Ár 1973, þriðjudaginn 19. mars, var kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd oðtírfarandi úrskurður í málinu nr. 11/1972, sem fjallar um skyldu ríkissjóðs til að greiða fasteignaskatt af " $\frac{1}{2}$ Gullfossi ".

Með bréfi, dags. 11. september 1972, kærði fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs þá ákvæðun hreppnefndar Hrunamannahreppa, að leggja skyldi fasteignaskatt, að fjárhæð kr. 6.000,00 á " $\frac{1}{2}$ Gullfoss ".

Sankvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, virðist heimild ríkissjóðs að ofangreindri eign byggjast á afsali eigenda jarðanna Tuggufells og Jafara í Hrunamannahreppi og Brattholts í Biskupstungnahreppi til ríkissjóðs, sem gefið hefur verið út í desembermánuði 1945. Í afsali þessu segir m.a.: " gerum með bréfi þessu kunnugt, að við seljum hér með og afsölum til ríkissjóðs Íslands fossinum " Gullfoss " í Hvítá í Árnessýslu,". Í aðalmati var " $\frac{1}{2}$ Gullfoss " tekinn í fasteignaskrá fyrir Hrunamannahrepp og metinn á kr. 500.000,00.

Sankvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972, þar með tilteknnum undantekningum, sbr. 5. gr. sömu laga, að leggja árlega fasteignaskatt á þær eignir, sem metnar eru í fasteignamati. Umrædda eign ríkissjóðs verður hins vegar að telja til vatneréttinda í skilningi 4. tl. 3. gr. reglugerðar nr. 301/1969 um fasteignamat og fasteignaskráningu, en sankvæmt ákvæði þessu skal því aðeins meta slíkar eignir í fasteignamati, að þær verði taldar " arðgöfjar ", þegar mat fer fram. Er þar fyrst og fremst átt við, að eignin sé farin að skila arði. Af þessum sökum verður að telja, að ekki hafi átt að meta umrædda eign ríkissjóðs í síðasta aðalmati. Á ríkissjóður rétt á því, að það sé leiðrétt, sbr. 2. tl. 21. gr. laga nr. 23/1963 um fasteignamat og fasteignaskráningu, og að matið verði sankvæmt því felld niður. Af þeirri niðuratöðu leiðir síðan, að ríkissjóður er ekki skyldur til að greiða fasteignaskatt af eign þessari.

Ú R S K U R Ð A R Ö R Ð

Fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, er óskýlt að svara fasteignaskatti af eigninni " $\frac{1}{2}$ Gullfoss ".

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson

Pálmi Jónsson